

Murtex Waterproof

Vatnsfæla

Efnislýsing

Murtex Waterproof er vatnsþynnanleg vatnsfæla af gerðinni sílan/síloxan og er tilbúin til notkunar. Sílan/síloxanefnið sogast djúpt inn í gljúpa fleti, hrindir frá sér óhreinindum og veitir vatnsvörn en hleypir engu að síður raka út úr múrnum. Murtex Waterproof kemur í veg fyrir vöxt þörunga og myglu því örverurnar ná ekki að festa sig á yfirborðið. Vatnsfælan kemur einnig í veg fyrir frostsprungur.

Murtex Waterproof notast fyrst og fremst í nýmálunarkerfum, ekki í blettanir í viðgerðir á áður máluðum flötum þar sem efnið getur lekið yfir eldri plastmálningu. Vatnsfælan má t.d. nota á lóðréttu, ómeðhöndlaða steinfleti eins og steinsteypta fleti, pússaða og ópússaða, og múrsteinsveggi. Einnig er tilvalið að efnið standi eitt og sér á sjónsteypu, steiningar- og skeljasandsklæðningum o.fl.



Meðhöndlun

1. Flötur skal vera vandlega hreinsaður með viðeigandi hreinsi. Mikilvægt er að hann sé vel bundinn, harðnaður og laus við fitu og önnur óhreinindi.
2. Gerið við sprungur og aðra galla með viðeigandi viðgerðarefni.
3. Verjið gler, glugga, dyr, málm- og plastyfirborð því erfitt er að ná vatnsfælunni af þegar hún hefur þornað. Þrífið strax ef efnið fer á óæskilegan flöt.
4. Hristið brúsann vel. Mælt er með lágþrýstisprautum á stærri fleti. Haldið úðastútnum beinum í um 10 cm frá fletinum. Gott er að fara með pensil yfir jafnóðum til að koma í veg fyrir lekatauma.
5. Berið efnið ríkulega á, blautt í blautt, neðan frá og upp uns hann mettast. Þekjan fer eftir soggetu yfirborðsins. Á mjög gleypið yfirborð skal fara 2-3 umferðir með 30 mínútna millibili. Á þéttari fleti dugir 1 umferð.
6. Varist að bera Murtex Waterproof á í beinu sólarljósi, þegar von er á regni eða í miklum vindi.

Ráðlegt er að prófa innsog flatarins, t.d. á lítt áberandi stað.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta brúsann standa opinn meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar öryggisblaði.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Sílan/Síloxan þeyta í vatni

Litur: Mjólkurlitt í brúsa og glært eftir þornun

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1-2 klst

Yfirmálun: 16 klst

Hiti við málun: Lágmark +10°C, hámark +25°C

Rakastig: Mest 85%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: Breytilegt eftir gleypni flata. Um 2-4 m²/l á steinsteypu og léttsteypu, um 2,5-6,5 m²/l á forsteyptar einingar og um 1-2 m²/l á múrstein

Umbúðir: 10 lítra fötur

Uppfært okt. 2021